



Stjórnarfundur UIA

Haldin í fjarfundi 25.ágúst kl. 17:30

Mætt eru Gunnar Gassi Gunnarsson og hin heilaga þrenning stjórnar Gunnar Gunnarsson,
Benedikt Jónsson og Pálína Margeirs dóttir

Dagskrá

Fundagerð síðasta fundar frá 18.ágúst –samþykkt

Farið yfir dagskrá komandi þings sem verður eftirfarandi.

70. Sambandsþing UIA verður haldið í fjarfundi, kl. 18:00 í fjarfundi fimmtudaginn 27. ágúst.

Dagskrá verður sem hér segir:

18:00 Þingsetning og skipan starfsmanna

a) Þingforseti **Stefán Bogi Sveinsson** b) **Þingritari Pálína Margeirs dóttir**

18:10 Skýrsla stjórnar **Gunnar Gunnarsson**

18:20 Ársreikningur 2019 lagður fram **Benedikt Jónsson**

18:30 Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikning

18:45 Ákvörðun um atkvæðisrétt mættra fulltrúa

18:55 Skýrsla stjórnar og ársreikningar bornir undir atkvæði

19:00 Mál lögð fyrir þingið og umræður um þau

19:15 Viðurkennningar **íþróttamaður og hvatningaverðlaun UIA**

19:20 Ávörp gesta **UMFÍ og ÍSÍ**

19:30 Umræður um íþróttir og æskulýðsstarf á Austurlandi á tímum Covid-19- **almennar umræður**

20:30 Kosningar

20:45 Önnur mál

21:00 Þingslit

Farið yfir tillögur sem lagðar verða fyrir þingið, stjórn sammála um þær. Ársreikningur tilbúinn undirritaður og fagur. Íþróttamaður og hvatningaverðlaun UIA, stjórn kemur til með að kjósa á milli eins og gert hefur verið undanfarin ár. Gunnar Gassi Gunnarsson kemur til með að senda valið á hvern og einn stjónarmann eins og hefð er fyrir sem senda sitt val til baka. Hvatningarverðlaun send á alla stjónarmenn en íþróttamaður á alla nema Pálínu vegna tengsla. Umfí kemur til með að lána tæknibúnað eða hlekk sem notaður verður til að halda þingið. Þinggestir verða hvattir til að melda sig inn um 10 mínútum fyrir fund svo það verði smá fyrirvari ef fólk lendir í tæknilegum

erfiðleikum. Finna þarf einhvern sem tæki við slíku og gæti aðstoðað. Að lágmarki er gert ráð fyrir einum fulltrúa hvers félags og er búið að hvetja félögin til að senda inn nýja tölvupósts upplýsingar ef þarf, til að allt gangi sem best fyrir sig þegar að þinginu kemur. Ekki alveg komið á hreint með hvernig væntanleg stjórн kemur til með að líta út en málið er í vinnslu. Pálína Margeirs dóttir og Auður Vala Gunnarsdóttir hafa báðar óskað eftir að láta af stjórnarsetu og einungis komið eitt já og það er frá Þorbjörgu Ólöfu frá Þrótti Neskaupstað. Ekki alveg komið á hreint með hvaða hætti verður hægt að kjósa á þinginu ef til þess kemur en málið er í skoðun. Pálína hvetur væntanlega stjórн til að skoða það að halda fjarfundi í það minnsta yfir dimmustu vetrarmánuðina nóvember til febrúar. Hefur stjórн fundað tölvert á þessu ári með því fyrirkomulagi vegna Covid 19 og stjórн sammála um að það hafi gengið vel og er það töluverður tímasparnaður. Að lokum var Pálínu þökkuð stjórnarsetan, sem þakkaði strákunum fyrir samstafið og ykkur hinum líka.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:40

Fundagerð ritaði Pálína Margeirs dóttir